

# ÁRSSKÝRSLA 2025

Textílmíðstöð Íslands



Formáli forstöðumanns	4
Skýrsla stjórnar	6
Inngangur	10
Stjórn skipa	12
Starfsfólk	14
Nám á háskólastigi	15
Rannsóknir og nýsköpun	16
Evrópuverkefni og alþjóðlegt samstarf	19
Samfélagsþátttaka, fræðsla og viðburðir	23
Kynningarmál og útgáfa	24
Húsnæði	26
Fjármál	27



# Formáli forstöðumanns

---

Nú eru liðin sjö ár síðan töluverðar breytingar voru gerðar á skipulagsskrá Textílmíðstöðvarinnar. Fyrst má nefna að þá var nafninu breytt í Textílmíðstöð Íslands sem markar þá skýru stefnu sem búið var að marka, að leggja mikla áherslu á textílinn sem sérsvið. Sú áhersla á sér í stuttu máli þá forsögu að textíltengd verkefni gengu betur en flest önnur sem á sér væntanlega ekki síst þá skýringu að textill á sér djúpar rætur á svæðinu bæði í atvinnulífi og menningu.

Textílmíðstöðin er staðsett í einu helsta sauðfjárræktarhéraði landsins. Yfir 90% af allri ull sem fellur til frá sauðfjábændum er safnað í Ullarþvottastöðina á Blönduósi þar sem ávallt er tekið einstaklega vel á móti gestum. Eina safn landsins sem hefur textíl í forgrunni er bókstaflega í húsinu við hliðina, Heimilisiðnaðarsafninu Blönduósi, þar sem ný áhugaverð sýning er sett upp á hverju ári.

Þessu samhliða er mikill áhugi og djúp þekking meðal heimamanna á okkar helsta textílefni, ullinni, sem býr yfir frábærum eiginleikum.

Áherslan á textílinn hefur skapað mörg sóknarfæri til uppbyggingar og er Textílmíðstöðin orðin að sköpunarveri í dreifbýli þar sem handverkshefð, nýsköpun, rannsóknir, þróun og sjálfbærni í textíl mætast.

Mikilvægt skref var opnun Textíllabsins í maí 2021 sem Uppbyggingarstyrkur úr Innviðasjóði, þátttaka í Horizon verkefninu Centrinno og stuðningur Húnabyggðar og SSNV gerði mögulega.

Í Centrinno verkefninu var verið að bregðast við alþjóðavæðingu og að iðnaðarframleiðsla hefur flutt í burtu. Í verkefninu var um samstarf borga, stofnana og félagasamtaka í níu Evrópuborgum að ræða. Það voru Amsterdam, Barcelona, Genf, Kaupmannahöfn, Mílanó, París, Tallinn, Zagreb og Blönduósborg. Þátttaka í þessu verkefni kenndi okkur svo ótrúlega margt og öll sú þekking og reynsla og tengsl sem við öðluðumst í gegnum verkefnið hefur verið ómetanleg.

Verkefnið gerði okkur mögulegt að byggja upp fyrstu og einu rannsóknarinnviði í textíl á Íslandi. Okkur gafst tækifæri til að bjóða uppá á alþjóðlegt nám í textíl og jafnframt opnaði þátttakan á áframhaldandi þátttöku í Evrópuverkefnum.

Annar lykilþáttur í þessari uppbyggingu var að fá fleiri aðila innan greinarinnar að fulltrúaráði og stjórn. Ástæðan fyrir því að Textílmíðstöðinni gafst kostur á að taka þátt í Centrinno verkefninu á sínum tíma var aðkoma Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og að Karl Friðriksson starfsmaður stofnunarinnar var fyrsti formaður stjórnar Textílmíðstöðvar Íslands.

Það verður því seint ofmetið mikilvægi þverfaglegar og áhugasamrar stjórnar og fulltrúaráðs fyrir þróun og uppbyggingu stofnunarinnar.

Í Kvennaskólanum hefur einnig verið rekin Ós Textíllistamiðstöð sem er frábær gluggi inni hvað er að gerast, ekki síst í listsköpun í textíl víða um heim. Við fáum til okkar frábært lista-, og handverksfólk og alls konar samstarf bæði stórt og smátt í sniðum hefur sprottið upp úr dvöl listafólksins. Gott dæmi er að Concordia Háskóli í Kanada kemur annað hvert ár með hóp af nemendum sem dvelur allan júnímánuð.

Þau leigja húsnæðið af Ós, kaupa námskeið af Textílmíðstöðinni og taka þátt í samfélaginu, til dæmis með því að mæta á viðburði og tónleika, hengja upp prjónagraff og hjálpa til með uppsetningu á Prjónagleðinni auk þess að bjóða öllum sem áhuga hafa á sýningu á sinni vinnu í lok mánaðar. Nafnið á sýningunni sem haldin var 2024 talar sínu máli en hún hét Ástarbréf til Blönduóss.

Starfsemin breytist og þróast og umhverfismálin eru sífellt meira aðkallandi ekki síst í tengslum við textíluþgang. Textíll er einn af mest mengandi iðnaði í heiminum og fjórði stærsti umhverfisþáttur einstaklinga á eftir húsnæði, samgöngum og matvælum. Yfir 90% af textíl á Íslandi er fluttur inn, og svo hent. Mörg tækifæri liggja í staðbundinni framleiðslu, nýtingu íslensks hráefnis og eflingu þekkingar þar sem hefðbundin handverkskunnátta og ný tækni koma saman. Ef við finnum t.d. leiðir til að búa til nýtt efni úr afgangstextíl eða lita ull með bakteríum í staðinn fyrir kemískum efnum þá getum við framleitt umhverfisvænar vörur og skapað um leið atvinnutækifæri fyrir frumkvöðla.

Gott dæmi um hvernig samspil ólíkra þátta starfseminnar birtist er samstarfsverkefni Ístex, BioPol og Textílmíðstöðvarinnar þar sem verið er að þróa leiðir til að lita ull á afar umhverfisvænan hátt. Verkefnið varð til með þekkingu sem kom úr alþjóðlega textílnáminu, Fabricademy, og þróaðist í framhaldinu í þetta samstarf.

Ekkert af þessu hefði þó orðið að veruleika ef ekki væri áhugasamt og hæft starfsfólk hjá Textílmíðstöðinni og vil ég í lokin færa þeim öllum mínar bestu þakkir fyrir samstarfið.

**Elsa Arnardóttir forstöðumaður**

# Skýrsla stjórnar Textílmíðstöðvar Íslands fyrir starfsárið 2025

---

## Ár grósku, textílrannsóknar og ábyrgðar í breyttum heimi

Textílmíðstöðin hefur haldið áfram að festa sig enn frekar í sessi sem sköpunarver og miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfsemi í textíl. Starfsfólki hefur tekist að viðhalda og dýpka þá sérstöðu, ásamt því að halda þeim trúverðugleika að vera traustur og eftirsóttur samstarfsaðili á sviði nýsköpunar, rannsókna og háskólanáms.

Þegar horft er til þeirra verkefna sem fram undan eru, höldum við áfram að byggja á tveimur mikilvægum þáttum sem við teljum skipta hvað mestu máli fyrir heilbrigðan vöxt Textílmíðstöðvarinnar, þ.e. **öflugum mannauði og skýrri forgangsröðun á hvernig megi styrkja textílhringrásarhagkerfið.**

### 1. Mannauður og markvissari sjálfbærari vöxtur

Það þarf að halda áfram að styrkja hópinn okkar til að geta mætt aukinni eftirspurn og áfram gert spennandi hluti. Aðgengi að Textíllabinu hefur skipt sköpum fyrir marga til að rannsaka, skapa nýjungar og þróa vörur. Þá hefur Labið gert okkur kleift að taka þátt í alþjóðlegum þróunar- og rannsóknarverkefnum. Mikilvægt verður að halda áfram að tryggja langtímafjármögnun svo áfram verði spennandi tímar í Textíllabinu með hæfileikaríku fólki.

### 2. Hringrásarhagkerfið - Viðfangsefni sem krefst aðgerða

Eins og bent var á í skýrslu síðasta árs, liggja stór tækifæri – og um leið okkar mesta ábyrgð – í takti við hringrásarhagkerfið. Áskoranirnar sem fylgja textíluþgangi hafa ekki minnkað, heldur þvert á móti orðið enn meira aðkallandi bæði hérlandis og erlendis.

Það verður sífellt stærra viðfangsefni á heimsvísu að vinna að því að nýta og endurvinna textíluþgang. Ásamt því að hindra þá mengun sem hlýst af fatnaði. Þetta er spennandi, mikilvægt og verðugt verkefni. Þetta kom bersýnilega fram á vinnustofu sem Textílmíðstöðin hélt þann 31. mars síðastliðinn til að ræða tækifæri og áskoranir sem tengjast textíl, endurvinnslu og samfélagslegum nýsköpunartækifærum í textílvinnslu.

Sem leiðandi miðstöð rannsókna og nýsköpunar ætlum við okkur að halda áfram að leggja hendur á plóginn, finna nýjar lausnir og styðja við nýsköpun sem stýrir textíldnaðinum inn á sjálfbærari braut. Hér er ullin nærri. Nokkuð beint liggur við að endurvinnsla af ull fari fram á Blönduósi þar sem 98% af íslenskri ull kemur á hverju ári.

Ég vil þakka starfsfólki okkar, stjórn og öllum okkar frábæru samstarfsaðilum fyrir samstarfið. Saman munum við halda áfram að takast á við þessi krefjandi verkefni af bjartsýni og metnaði.

**Sigurður Sævar Gunnarsson, Formaður stjórnar Textílmíðstöðvarinnar**



# Inngangur

---

Textílmíðstöðin er eitt sjö þekkingarsetra á landsbyggðinni sem eru með samning við ráðuneyti menningar, nýsköpunar og háskóla - sem leggur grunn að starfseminni. Áherslurnar snerta bæði nærumhverfi setranna sem og sérvið. Í samningnum er lögð áhersla á þrjá meginþætti; nýsköpun, rannsóknir og nám á háskólastigi. Lögð er áhersla á gott samstarf við sveitarfélögin í nærumhverfi þekkingarsetranna.

Ársfundur Samtaka þekkingarsetra var haldinn á Blönduósi 27.-28. ágúst, en menningar-, nýsköpunar- og háskólamálaráðherra sótti fundinn til að kynna sér starfsemi setranna og áherslur Textílmíðstöðvarinnar.

Ýmis verkefni sem eru hluti af þessum meginþáttum eru jafnframt fjármögnuð með verkefnastyrkjum, bæði innlendum og alþjóðlegum. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) hefur lagt starfseminni til rekstrarstyrk og Húnabyggð leggur til húsnæðið undir Textíllabið. Forsenda frekari nýsköpunar og þróunar er að hægt verði að ráða fólk til lengri tíma til að efla samstarf, rannsóknir, þróun og nýsköpun í textíl á Íslandi.

Fulltrúaráð skipa aðilar víðs vegar að úr atvinnulífinu og samfélaginu en það leggur grunn að öflugum samstarfi.

Stjórn skipa fimm aðilar; einn fulltrúi sveitarstjórnarstigsins, einn fulltrúi háskóla og stofnana, einn fulltrúi fyrirtækja og einn fulltrúi félagasamtaka. Fimmti fulltrúinn er kosinn sameiginlega af fulltrúaráðinu. Jafnframt er kosinn varamaður fyrir hvern stjórnarmann.

Aðilar að fulltrúaráði eru

## Fulltrúar sveitarstjórnarstigsins

- **Guðmundur Haukur Jakobsson**, Húnabyggð
- **Katrín Margrét Guðjónsdóttir**, og eftir að hún lét af störfum tók nýr framkvæmdastjóri, **Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**, við fyrir hönd Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

## Fulltrúar stofnana

- **Áslaug Thorlacius**, Myndlistaskólinn í Reykjavík
- **Halldór B. Gunnlaugsson**, Farskólinn Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
- **Hólmfríður Sveinsdóttir**, Háskólinn á Hólum
- **Helga Harðardóttir**, Byggðastofnun
- **Katrín Káradóttir**, Listaháskóli Íslands
- **Rósa Björk Jónsdóttir**, Landbúnaðarháskóli Íslands
- **Selma Barðdal**, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

## Fulltrúar fyrirtækja

- **Guðmundur Ögmundsson**, Landsvirkjun
- **Hulda Brynjólfsdóttir**, Uppspuni
- **Kristinn Karlsson**, Kidka
- **Sigurður Sævar Gunnarsson**, Ístex

## Fulltrúar félagasamtaka

- **Kristín Vala Breiðfjörð**, Heimilisiðnaðarfélag Íslands
- **Þorgerður Hlökkversdóttir**, Textílfélag Íslands
- **Þórhalla Guðbjartsdóttir**, Vinir Kvennaskólans á Blönduósi

# Stjórn skipa



**Sigurður Sævar Gunnarsson**  
Ístex, formaður stjórnar, fulltrúi fyrirtækja

Sigurður Sævar Gunnarsson hefur starfað sem framkvæmdastjóri ullarvinnslufélagsins Ístex hf. frá 2017. Þar hefur hann unnið að því að auka verðmæti úr íslenskrí ull. Hann er efnaverkfræðingur með MBA í alþjóðlegri stjórnun.



**Helga Harðardóttir**  
ritari og varaformaður, fulltrúi stofnana

Helga Harðardóttir er sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar frá árinu 2020. Hún er annar tveggja fulltrúa sem sér um byggðaþróunarverkefnið Brothættar byggðir á landsvísi fyrir hönd Bygðastofnunar, ásamt fleiru.



**Áslaug Thorlacius**  
Myndlistaskólinn í Reykjavík, kjörin af fulltrúaráði

Áslaug Thorlacius er myndlistarmaður og skólameistari Myndlistaskólans í Reykjavík. Meðal námsbrauta Myndlistaskólans er tveggja ára textílbraut þar sem nemendur kynnst og öðlast þjálfun í helstu tækniáferðum við textílvinnu, gömlum jafnt sem nýjum. Áslaug hefur haldið hátt í tuttugu einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga. Í samstarfi við eiginmann sinn, Finn Arnar, stóð hún um nokkurra ára skeið fyrir metnaðarfullum myndlistarsýningum á Blönduósi.



**Þorgerður Hlökkversdóttir**  
Textílfélag Íslands, fulltrúi félagasamtaka

Þorgerður Hlökkversdóttir er starfandi textílhönnuður og formaður Textílfélags Íslands. Hún starfar á sviði textíllistar og hönnunar með áherslu á rannsóknir á jurtalitun og leggur áherslu á þróun og miðlun textíls í samtíma samhengi. Vefsíða: <https://www.bombyx.is/>



**Guðmundur Haukur Jakobsson**  
fulltrúi sveitarfélaga

Guðmundur Haukur Jakobsson er oddviti og forseti sveitarstjórnar Húnabyggðar. Hann hefur starfað að uppbyggingu atvinnulífs og innviða á Norðurlandi vestra. Guðmundur Haukur er bæði matreiðslumaður og pípari að mennt.

## Varastjórn skipa

- **Hólmfríður Sveinsdóttir**, Háskólinn á Hólum, fulltrúi stofnana
- **Katrín Margrét Guðjónsdóttir / Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**, SSSNV, fulltrúi sveitarfélaga
- **Hulda Brynjólfsdóttir**, Uppspuni, fulltrúi fyrirtækja
- **Rósa Björk Jónsdóttir**, Landbúnaðarháskóli Íslands kjörin af fulltrúaráði
- **Kristín Vala Breiðfjörð**, Heimilisíðnaðarfélag Íslands, fulltrúi félagasamtaka

Ársfundur Textílmíðstöðvarinnar fyrir árið 2025 var haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi 31. mars og jafnframt gátu fulltrúar setið fjarfund.

Stjórnarfundir voru haldnir 11. mars og 11. ágúst og voru haldnir í fjarfundi.

# Starfsfólk

---

## **Alissa Estevarez**

er annar umsjónarmaður Textíllabs. Hún er með mastersgráðu í sjónrænni menningu, uppsetningu sýninga og nútímalist frá Aalto University og BA gráðu í tísku frá Pforzheim University.

## **Elsa Arnardóttir**

er forstöðumaður Textílmíðstöðvarinnar. Elsa er með B.A. próf í mannfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands, diplómu í textíl frá Myndlistaskólanum í Reykjavík og meistaragráðu í listkennslu frá Listaháskóla Íslands. Elsa hefur umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar, öflun fjármagns og verkefna og verkefnastýringu.

## **Gróa María Einarsdóttir**

hóf störf í mars og sér um húshald, innkaup og þrif.

## **Katharina Schneider**

er verkefnastjóri hjá Textílmíðstöðinni. Katharina hefur M.A. gráðu í sagnfræði og ensku frá Háskólanum í Freiburg í Þýskalandi og diplómagráðu í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands. Hún, ásamt forstöðumanni, hefur umsjón með alþjóðlegum rannsóknaverkefnum, einnig heimasíðu, upplýsinga- og kynningarmálum, samskiptum við listafólk, námsveri, fjarprófum háskólanema og sér að auki um þýðingar.

## **Ragnheiður Björk Þórsdóttir**

er sérfræðingur í vefnaði og textíl hjá Textílmíðstöðinni. Ragnheiður útskrifaðist úr Textíildeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og er með meistaragráðu í listkennslu frá Háskólanum á Akureyri.

## **Sarah Finkle**

er textíllistakona, umsjónarmaður Textíllabs og vefnaðar sérfræðingur. Hún lauk BA-prófi í myndlist frá Skidmore College, með áherslu á textíl, vefnað og skúlptúr, og meistaraprófi í myndlist (MFA) frá Listaháskóla Íslands.

## **Jóhanna Erla Pálmadóttir**

lauk störfum í lok ágúst en hún hóf fyrst störf hjá Textílsetrinu árið 2011 og síðan sem starfsmaður hjá Textílmíðstöðinni frá 2019.

# Nám á Háskólastigi

---

Námsverið þjónar mikilvægu hlutverki fyrir íbúa í Austur-Húnavatnssýslu þar sem boðið er upp á góða þjónustu og aðstöðu til fjarnáms, staðbundins náms og próftöku í samstarfi við aðila fullorðinsfræðslu og háskóla. Lögð er mikil áhersla á góða þjónustu og viðmót.

Háskólapróf árið 2025 voru samtals 70.

- Háskólinn á Akureyri: 37
- Háskóli Íslands: 12
- Landbúnaðarháskóli Íslands: 7
- Bifröst: 5
- Annað (Garðyrkjuskólinn): 3

Umbeðin próf voru 70 talsins en í 6 tilvikum mættu mættu próftakar ekki.

Nemendur í hönnunar-, og háskólanámi fá aðgengi að tækjakosti og aðstoð við að vinna lokaverkefni á sviði textíls.

# Rannsóknir og nýsköpun

## TextílLab

Við rekum rannsóknainnið í textíl (svokallað TextílLab), rými sem er útbúið sérhæfðum tækjum eins og stafrænni þrjónavél, stafrænum vefstólum og nálabæfingarvél. Textílabið nýtur vaxandi vinsælda hjá textílfólki, nemendum og fræðafólki sem sækir okkur heim, bæði innan lands frá og utan úr heimi. Sem dæmi um frumkvöðla sem nýttu sér aðstöðuna á árinu má nefna Hönnu Dís Whitehead sem kemur alla leið frá Hornafirði og verðlaunahönnuðinn Signe Emdal frá Danmörku, en báðar eru að þróa vörur úr íslenskrri ull. Mikilvægt skref var tekið þegar tveir nýir starfsmenn með hönnunar- og textíltæknibakgrunn voru ráðnir; Sarah og Alissa. Frá því að þær bættust í hópinn hafa þær aðstoðað frumkvöðla, nemendur og listamenn, skipulagt vinnustofur og námskeið í Textílabinu - t.d. kynning á stafrænu vefstólunum (hybrid TC2), flos, í stafrænum útsaum og nálabæfingu - og tekið þátt á fundum með samstarfsaðilum, þar á meðal Fab Lab Iceland.

Á síðasta ári fengum við alls um 444 einstaklinga í heimsókn í Textílabið. Þar af voru 43 einstaklingar að vinna að eigin verkefnum, ýmist tengdum listsköpun og vöruþróun, 70 sem sóttu námskeið í Labinu, 235 tilheyrðu hópum og fyrirtækjum sem eru að vinna með textíl og 96 einstaklingar komu í heimsókn á opið hús svo sem á Þrjónagleði, Húnavöku, opnum húsum o.s.frv.



## Textílklassi

Textílmíðstöðin fékk styrk úr Lóu - nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina til að koma á öflugum samstarfi í tengslum við textíl. Edda Mac hafði umsjón með vinnslu greinargerðar.

Helstu niðurstöður eru að;

- Forsendur eru til staðar innan textíliðnaðar á Íslandi til að ætla að textílklassi gæti náð árangri.
- Samhljómur er meðal aðila í atvinnugreininni um hvaða áskoranir eru helst til staðar og væntingar til árangurs af samstarfi passa vel við klasahugmyndafræðina.
- Mikilvægt er að stjórnvöld styrki textílklassa með fjármagni á fyrstu stigum samstarfsins. Hér er krækja á greinargerðina: [Íslenski Textílklassinn](#).

## Spjörum okkur

Í framhaldi af ársfundi Textílmíðstöðvarinnar þann 31. mars 2025 var haldinn vinnufundurinn SPJÖRUM OKKUR í Félagsheimilinu á Blönduósi. SSNV vann með Textílmíðstöðinni að allri skipulagningu og sá um fundarstjórn. Unnið var í fjórum mismunandi hópum og velt upp þeim möguleikum sem við höfum hér í Húnabyggð til að vinna með textílúrgang. Skoðuð var söfnun og móttaka, endurvinnsla með áherslu á að lengja líftíma textílsins og kom skýrt fram mikilvægi þess að kunna að gera við fót. Einnig voru fræðslumálin skoðuð sérstaklega en á fundinum voru fulltrúar allra skólastiga og einn hópurinn skoðaði sérstaklega rekstrarform. Tengill á niðurstöður [Spjörum okkur](#).

## Landbúnaðarháskóli Íslands

Samstarfsverkefni Textílmíðstöðvarinnar og Landbúnaðarháskóla Íslands snýst um kennslu í Ullariðn. Nemendum bænda- og búvísindadeilda Landbúnaðarháskólans býðst Ullariðn sem valgrein. Þar er kennd tóvinna, þrjón og haldinn fyrirlestur um ull og ullarvinnslu. Nemendur voru 12 og kennt var á tímabilinu janúar - mars.

# Evrópuverkefni og alþjóðlegt samstarf

## Tracks4Crafts

Horizon 2022 rannsóknarverkefnið Tracks4Crafts hófst í mars 2023. Að verkefninu standa 16 stofnanir, þar á meðal University of Antwerp, University Paris 1 Panthéon-Sorbonne, Association of European Open Air Museums og World Crafts Council Europe. Verkefnið snýst um að þróa nýjar viðskiptahugmyndir með frumkvöðlum og tengja saman menningararfinn og stafrænar aðferðir. Einnig að skoða hver séu núverandi viðhorf til hefðbundins handverks og hvað vanti upp á til að verkunnátta sé metin og viðurkennd sem bæði færni og þekking. Heimasíða verkefnisins er [tracks4crafts.eu](https://tracks4crafts.eu)

Textílmíðstöðin er eitt af „pilot“ verkefnum í Tracks4Crafts, samstarfsverkefni innan Horizon Europe 2022 sem beinist að nýsköpun í handverki, nýjum viðskiptalíkönnum og stafrænni þróun. Hluti af starfi okkar er að þróa og prufukeyra nýja vinnustofur á sviði textíls.

Í september sóttum við árlegan samstarfsfund, sem var haldinn í Politecnico di Milano á Ítalíu í þetta skipti. Fjallað var um viðskiptaþróun, gervigreind í handverki og nýsköpunarstefnur. Við heimsóttum einnig Campus Bovisa materials library; sérfræðingar frá Politecnico munu svo koma til Íslands árið 2026 til að kenna vinnustofu í Materials Design.

## THREADS

(„Textile and Habilitment Reuse for the Environment and NPA Area Development“) er samstarfsverkefni styrkt af Interreg. Samstarfsaðilar eru m.a. Kajaani Háskólinn í Finnlandi, sem leiðir verkefnið, Háskólinn í Borås, Western Development Commission og Technological University of the Shannon (Írlandi), Remiks Husholdning AS (Noregi) og Textílmíðstöð Íslands.

Verkefnið hefur yfirskriftina „frá hönnun til förgunar“. Lögð er áhersla á hvort, og þá hvernig, er hægt að endurvinna og endurnýta textíl. Jafnframt er skoðað sérstaklega hvað felst í umhverfsvænni textílhönnun. Textílufgangur er skoðaður sérstaklega, hvernig söfnun er háttað, hvað verður um úrganginn o.fl. Markhópar eru hagsmunaaðilar í sorpstjórnun, neytendur, hönnuðir, handverksfólk, kennarar og fyrirtæki.

Í febrúar 2025 tóku fulltrúar Textílmíðstöðvarinnar þátt í vinnustofum og vettvangsheimsóknunum í Borås í Svíþjóð, þar á meðal heimsóknunum í Swedish School of Textiles, XV Production og Wargön Innovation. Það að draga úr textílufgangi er forgangsmál í flestum samstarfsverkefnum okkar.

## Fjólublár


Textílmíðstöðin tekur þátt í rannsóknarverkefninu Fjólublár sem er styrkt af Tækniþróunarsjóði. Það er BioPol á Skagaströnd sem leiðir verkefnið og þriðji samstarfsaðilinn er Ístex. Markmið verkefnisins miðar að því að koma á fót sjálfbærri framleiðslu á náttúrulegu fjólubláum litarefni, violacein, til notkunar í textíliðnaði. Afrakstur þessa verkefnis er því m.a. umhverfsvænt og náttúrulegt fjólublátt litarefni með aukinni vörn gegn óæskilegum örverum.

Í dag eru engin dökk náttúruleg litarefni til iðnaðarnota, sem framleidd eru án erfðabreyttra lífvera, fáanleg á markaði.

## SeaSilk

Textílmíðstöðin tók þátt í verkefninu SeaSilk þar sem verið var að skoða með tveimur fyrirtækjum í Noregi; DEvold og SeaSilk Textiles og einu fyrirtæki í Svíþjóð; Rise, möguleika á að nota ákveðna tegund af þara í bland við ull til að framleiða hágæða efni.

Hlutverk Textílmíðstöðvarinnar í verkefninu var að prófa þráðinn með því að vefa, þrjúna og sauma úr þræðinum.



# Samfélagsþátttaka, fræðsla og viðburðir



Textílmíðstöðin er virkur þátttakandi í menningarlífi staðarins og tekur á móti nemendum frá ýmsum skólum. Árið 2025 kenndum við nemendum frá Listaháskóla Íslands sem dvöldu hjá okkur í viku starfsnám, unglíngahópum (t.d. frá SAMFÉS og Húnaskóla). Á tengslum við ársfund Textílmíðstöðvarinnar þann 31. mars 2025 héldum við vinnustofuna „Spjörum okkur“ í Félagsheimilinu á Blönduósi. Fulltrúar frá sveitarfélögum, menntastofnunum og atvinnulífi tóku þátt.

Aðferðafræði hönnunarhugsunar (Design Thinking) var notuð til að finna lausnir fyrir textíluþgang. Niðurstöðurnar voru teknar saman í skýrslu af Samtökum sveitarfélaga á Norðvesturlandi (SSNV) og eru aðgengilegar á heimasíðu Textílmíðstöðvarinnar.

Textílmíðstöðin vann einnig verkefni í samstarfi við Skákfélag Íslands, sem fagnaði 100 ára afmæli sínu í Blönduósi sumarið 2025, og tók þátt í Þrjónagleði - The Iceland Knit Fest, sem Húnabyggð hélt í maí. Vinnustofa þar sem unnið var með þara sem textíllhárfæni („Drifting Lab“) var haldin í júní og vinnustofa um gervigreind og nýsköpun þann 31. október í samstarfi við Samtök þekkingarsetra, KPMG og Iceland Innovation Week. Í tengslum við námsdvöl LHÍ var haldin saumavinnustofa. Nemendur tóku þátt í vinnustofunni SAMAN VIÐ SITJUM OG SAUMUM sem haldin var í Félagsheimilinu á Blönduósi þann 19. nóvember. Þar fengu þátttakendur tækifæri til að prufa sig áfram við að endurnýta fatnaði undir leiðsögn nemenda frá Listaháskólanum. Textílmíðstöðin í Minneapolis óskaði í þriðja sinn eftir námskeiðum og kynningu á starfsemi Textílmíðstöðvarinnar. Þátttakendur voru 18 manns sem komu í maí og keyptu námskeið í þrjóni og útsaum. Einnig heimsóttu þeir Ullarþvottastöðina og Heimilisiðnaðarsafnið.

Textílmíðstöðin hélt námskeið í spuna og flosi á Þrjónagleði og í febrúar var haldið spunanámskeið.

Fulltrúar Textílmíðstöðvarinnar fóru til Noregs í ágúst á ráðstefnuna „Digital Weaving: Innovation through Pixels“, þar sem kynnt voru verkefni sem spanna allt frá „læknisfræðilegum textíl“ til teiknimyndar. Textílmíðstöðin er enn eina stofnunin á Íslandi sem á og veitir aðgang að stafrænum vefstólum.

# Kynningarmál og útgáfa

Stefna Textílmíðstöðvar í upplýsinga- og kynningarmálum er að veita góðar, fróðlegar og myndrænar upplýsingar um fjölbreytt verkefni hennar og þau markmið sem að er stefnt. Markhópurinn er bæði innanlands og utan og tungumálin því íslenska og enska.

## Vefsíða

Á vefsíðu Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi má nálgast á einum stað allar fréttir af starfsemi Textílmíðstöðvarinnar og Óss Textíllistamiðstöðvar.

<https://www.textilmidstod.is> og

<https://www.textilecenter.is>

## Samfélagsmiðlar

Textílmíðstöð er með Facebooksíðu þar sem áhersla er lögð á að deila fréttum og myndrænu efni með innlenda markhópa í huga.

Þegar pistlar eru settir inn á samfélagsmiðla eru notaðar merkingarnar: #textilmidstod #icelandictextilecenter #osresidency #textilelabiceland

Instagram: @textilmidstod / Icelandic Textile Center, fylgjendur í mars 2026 eru 10.300.

## Fréttabréf

Fréttabréf Textílmíðstöðvarinnar og Óss Textíllistamiðstöðvar er sent út rafrænt til áskrifenda tvisvar á ári. Fjöldi áskrifenda er nú um 900.

## Heimsóknir

Tekið var á móti nemendahópum allt árið um kring, m.a. frá Húnaskóla, Listaháskóla Íslands, Myndlistaskólanum í Reykjavík og Textile Center Minneapolis. Einnig var tekið á móti ýmsum hópum í kynningu á starfseminni, til dæmis komu tveir hópar frá Handþrjónasambandinu, samtals tæplega 190 konur.



LEFT

Kvenskikkja

56 x 296 cm

Icelandic wool, silver thread  
felted Icelandic wool, embroidery

Til að koma Textíllabinu á fót var gerður samningur milli Textílmíðstöðvarinnar og Bygðarsamlags um atvinnu- og menningarmál í Austur-Húnavatnssýslu. Mál þróuðust þannig að Blönduósbær, nú Húnabyggð, yfirtók samninginn og er Textíllabið til húsa að Pverbraut 1. Styrkur kom frá Innviðasjóði á móti þeim kostnaði sem féll til við að koma upp aðstöðunni. Húsnæðið er afar heppilegt fyrir Textíllab, hátt til lofts, bjart og vítt til veggja. Innviðirnir skapa grundvöll fyrir rannsóknir og kennslu, námskeiðahald og ráðgjöf, sérstaklega á sviði stafræns textíls.

Textíllab Textílmíðstöðvarinnar er nýtt til að halda námskeið og kynna möguleika stafrænnar tækni.

Skrifstofur Textílmíðstöðvarinnar, Ós Textíllistamiðstöð og námsver eru í Kvennaskólanum. Sú breyting varð í haust að Markaðsstofa Norðurlands er nú með skrifstofu fyrir einn starfsmann og SSNV með skrifstofuaðstöðu fyrir tvo starfsmenn í húsinu.

## Ós Textíllistamiðstöð

Starfsemi Textílmíðstöðvar Íslands og Ós Textíllistamiðstöðvarinnar tengist með ýmsum hætti og er fulltrúaráð og stjórn beggja stofnana sameiginleg.

Vinnustofudvöl er í boði allt árið, í einn til þrjá mánuði; tekið er á móti textíllistafólki, frumkvöðlum, handverksfólki, hönnuðum, sérfræðingum og fræðimönnum. Árið 2025 dvöldu yfir 80 listamenn, hönnuðir og handverksfólk í Ós Textíllistamiðstöð. Listafólkið kom víðs vegar að úr heiminum, svo sem frá Japan, Indlandi, Taiwan, Mexíkó, Argentínu og Brasilíu. Árlega er birt ritið „Ós Residency Catalog“ sem er bæði frábær heimild, mikilvæg og alþjóðleg kynning á íslenskri handverkshefð og textíltengdri starfsemi á Norðurlandi vestra. Listamenn hafa aðgang að Textíllabinu og einnig er hægt er að leigja stafrænan vefstól sérstaklega í svokölluðu TC2 residency. Haustið 2025 var auglýst eftir sjálfboðaliðum til að koma og aðstoða við að gera við gamlar þrjónavélar. Auglýsingin vakti mikinn áhuga og bárust miðstöðinni 300 umsóknir.

Listafólkið heldur ýmist sýningar eða opið hús við lok dvalar og sem dæmi má nefna sýninguna „Under the Longest Light“ sem haldin var í Textílmíðstöðinni í júní og „OS US“ sem haldin var í Hillebrandtshúsi í október.

RH endurskoðun ehf. annast bókhalds- og launavinnslu, reikningsskil og skattskil fyrir Textílmíðstöð Íslands og Pekkingarsetur á Blönduósi.



**Ritstjóri:**

Elsa Arnardóttir

**Höfundar:**

Elsa Arnardóttir  
Katharina Schneider

**Umbrot:**

Cornelia Theimer Gardella

**Ljósmyndir:**

Starfsfólk Textílmíðstöðvarinnar

**Prófarkarlestur:**

Magdalena Berglind Björnsdóttir

**Útgefendur:**

Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi Árbraut 31, 540 Blönduósi,  
Heimasíða: <https://www.textilmidstod.is>  
Netfang: [textilmidstod@textilmidstod.is](mailto:textilmidstod@textilmidstod.is)  
Útgáfa, | 2026

